



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greinargerð ÞON

Vísað er til framhaldsfyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 30. nóvember 2023, um greinargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Í framhaldi af svari við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hvort það teljist eðlilegt og rétt að greinargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) með fjárfestingaráætlun fyrir árið 2024 sé skrifuð áður en fjárfestingaráætlun borgarinnar er óskað frekari upplýsingar. Í framlögðu svari kemur fram að greinargerðin hafi verið uppfærð og byggir nú á réttum upplýsingum. Óskað er upplýsinga um hverjar voru uppfærslunnar, hvað nákvæmlega breyttist frá fyrri greinargerð til seinni?“

Svar:

Í svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs kemur fram að uppfærð hafi verið tafla yfir starfsmannafjölda þar sem fækka þurfti fólki í fjárfestingunni. Þá hafi verið tekinn út fyrirvari sem var fremst í texta greinargerðarinnar vegna fjárfestingar. Auk þessa var tekinn út texti undir liðnum *Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi* sem var eftirfarandi: „Umsjónarkerfi götulýsingar – innleiða nýtt kerfi til að stýra götulýsingu í borgarlandinu með hagkvæmni, hreyfiskynjurum o.s.fr.v. til að draga úr orkunotkun og sóun.“

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs